

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 139/2013****2013/EES/72/07****frá 15. júlí 2013****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/38/ESB frá 23. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu cis-tríkos-9-en við í I. viðauka við hana <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/40/ESB frá 26. nóvember 2012 um leiðréttingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/41/ESB frá 26. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að rýmka færsluna um virka efnið nónansýru í I. viðauka við tilskipunina svo að færslan nái yfir sæfivöruflokk 2 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/42/ESB frá 26. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu vetnissýaniði við í I. viðauka við hana <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/43/ESB frá 26. nóvember 2012 um breytingu á tilteknum fyrirsögnum í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/3/ESB frá 14. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að rýmka færsluna um virka efnið þíametoxam í I. viðauka við tilskipunina svo að færslan nái yfir vöruflokk 18 <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/4/ESB frá 14. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu dídekýldímetylammóníumklóríði við í I. viðauka við hana <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/5/ESB frá 14. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu pýríproxýfeni við í I. viðauka við hana <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/6/ESB frá 20. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu díflúbensúróni við í I. viðauka við hana <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/728/ESB frá 23. nóvember 2012 um að færa bífentríni ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(10)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 31.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 34.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. ESB L 44, 15.2.2013, bls. 6.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. ESB L 44, 15.2.2013, bls. 10.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. ESB L 44, 15.2.2013, bls. 14.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. ESB L 48, 21.2.2013, bls. 10.

<sup>(10)</sup> Stjútíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 55.

- 11) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/85/ESB frá 14. febrúar 2013 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(1)</sup>.
- 12) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB):

- „– **32012 L 0038**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/38/ESB frá 23. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 13),
- **32012 L 0040**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/40/ESB frá 26. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 26),
- **32012 L 0041**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/41/ESB frá 26. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 28),
- **32012 L 0042**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/42/ESB frá 26. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 31),
- **32012 L 0043**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/43/ESB frá 26. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 34),
- **32013 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/3/ESB frá 14. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 44, 15.2.2013, bls. 6),
- **32013 L 0004**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/4/ESB frá 14. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 44, 15.2.2013, bls. 10),
- **32013 L 0005**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/5/ESB frá 14. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 44, 15.2.2013, bls. 14),
- **32013 L 0006**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/6/ESB frá 20. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 48, 21.2.2013, bls. 10).“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zzl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/483/ESB):

- „12zzm. **32012 D 0728**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/728/ESB frá 23. nóvember 2012 um að færa bifentrín ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 55).
- 12zzn. **32013 D 0085**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/85/ESB frá 14. febrúar 2013 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 45, 16.2.2013, bls. 30).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2012/38/ESB, 2012/40/ESB, 2012/41/ESB, 2012/42/ESB, 2012/43/ESB, 2013/3/ESB, 2013/4/ESB, 2013/5/ESB og 2013/6/ESB og ákvarðana 2012/728/ESB og 2013/85/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 45, 16.2.2013, bls. 30.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Pórir Ibsen**

formaður.